

Ræða flutt á Borgarafundi 8. nóvember 2008.

Um leið og ég er afskaplega **þakklát** fyrir að fá aftur tækifæri til að tala á Borgarafundi hér í Reykjavík, þá á ég orðið afar erfitt að tala um ástandi án þess að fyllast reiði.

Reiði yfir ráðaleysi ráðamanna sem virðast vera fastir í vinnubrögðum og neti hagsmunatengsla gamla Íslands – þess sem kom okkur í þessar hörmungar.

Ég ætla þó að reyna tala út frá **sérfræðipokkingu minni**, þó innst inni langi mig bara til að hrópa Nýtt Ísland, Nýtt Ísland.

Það er algjörlega **óásættanlegt** að bankamennirnir sem veðsettu spariféð okkar, eignirnar okkar og atvinnuna okkar sé falið að **taka ákvarðanir** um hvernig fjármagni þessa lands verður útteilt milli fyrirtækja og einstaklinga – fjármagn sem engan veginn mun duga til að halda öllum fyrirtækum og heimilum gangandi.

Viðvarandi skortur á peningum á næstu misserum mun hins vegar þýða að **verðbólgan** mun nánast hverfa á næsta ári, ef okkur tekst að stoppa gengisfall krónunnar.

Ákvarðanir um skiptingu takmarkaðs fjármagns og atvinnutækifæra verður að taka á faglegum forsendum og útfrá langtíma áætlun um uppbyggingu hagkerfisins - en ekki út frá valdatengslum einstakra manna og hópa. Það verður að forgangsraða fjármagninu í **vinnuafslfreka þekkingarframleiðslu og velferðarþjónustu**, þar sem nýtum mannauðinn. Stóriðja er ekki valkostur, því hún er einfaldlega alltof fjármagnsfrek og hluti af skuldsetningu okkar í dag.

Eina leiðin til að **draga úr sárukanum af hörmungunum** sem dynja yfir okkur er að læra af misstökum og reynslu annarra landa sem hafa farið í gegnum fjármálakreppur eins og Finnland, Suður-Kórea eða Argentína.

Rannsóknir á því sem gerðist í þessum löndum sýna í **fyrsta lagi mikla eignatilfærslu** frá þeim sem verða **gjaldþrota eða selja eignir á brunaútsölu til þeirra** sem að eiga reiðufé eins og íslenskir auðmenn sem rökuðu að sér fé á undanförunum árum.

Í Finnlandi voru þetta **erlendir fjárfestar** sem seldu Finnum aftur fyrirtækin á háu verði í lok kreppunnar. Hér á landi virðast auðmennirnir vera í samstarfi við erlenda félagasína.

Ein **afleiðing** eignatilfærslunnar í Finnlandi og Argentínu var **mikil fátækt**. Fólkið sem átti minnst gat alls ekki tekið á sig kjaraskerðinguna sem varð eftir gengisfall gjaldmiðilsins. Þetta voru **þeir sem stóðu veikast**, þ.e. einstæðir foreldrar og einstæðingar.

Í öðru lagi **breikkaði stöðugt bilið** milli þeirra fátæku og ríku, karla og kvenna . Seðlabanki Íslands spáir 25% kaupmáttarrýnun á þessu og að þá verði 10% atvinnuleysi. Fólkið með undir 200.000 krónum á mánuði getur ekki tekið á sig 25% kjaraskerðingu. Það þurfa einhverjir aðrir í staðinn að taka á sig meiri skerðingu.

Aukið **félagslegt óréttlæti** mun kynda enn frekar undir reiði almennings, því margir munu missa allt sitt. Það **sauð upp úr hjá almenningi** í Indónesíu, Suður-Kóreu og Argentínu. Í Argentínu enduðu **friðsamleg mótmæli kvenna í götuóeirðum**, því fólkið hafði engu tað tapa. Það er nefnilega þannig að þegar **mikil óvissa ríkir sem stafar ekki síst af upplýsingaskorti, þá getur allt gerst**. Í Argentínu kveikti fólk í bönkum og lúxusbílum.

Hrun bankakerfisins og gengi krónunnar hefur dregið fram - **annars vegar** alvarlega **misbresti í hegðun auðmanna** eins og mikla áhættusækni og skammtíma hugsun og - **hins vegar** **markaðsbresti eins og fákeppni** og samráði i skjóli krosseignatengslum í atvinnulífinu. Það voru örfáir einstaklingar sem stýrðu bankakerfinu í þrot.

Rannsóknir sýna að **hagkerfum sem einkennast af fákeppni** er hættar við fjármálakreppum sem eru orðnar tíðari og dýrari en áður. Dreifa þarf eignarhaldi fyrirtækjanna til að koma í veg fyrir aðra bankakreppu í framtíðinni.

Lán til starfsfólks svo það geti yfirtekið rekstur fyrirtækja hefur reynst vera **meira atvinnuskapandi** en að láta einn aðila eins og Jón Ásgeir - kaupa upp fyrirtæki og sameina þau öðrum fyrirtækjum. Í Argentínu beið starfsfólk ekki eftir lánnum heldur tók það fyrirtækin einfaldlega yfir.

Kynjakvóti og dreift eignarhald tryggir betur að konur jafnt sem karlar hafi áhrif á það hvernig auðlindir þjóðarinnar eru nýttar og hvernig fyrirtækjunum er stjórnað.

Að lokum vil ég nefna **7 lausnir á efnahagsvanda** okkar sem sérfræðingar í fjármálakreppum mæla með:

1. Vaxtalækkun til að gera heimilum og fyrirtækjum kleift að ráða við skuldsetninguna
2. 60% skattur á útstreymi fjármagns yfir 10 milljónir til að styrkja gengi kr.
3. Viðvarandi halli á ríkissjóði til að takast á við atvinnuleysið og aukið félagslegt misrétti
4. Lánalenging fyrir heimilin til að koma í veg fyrir gjaldþrot og landflótta
5. Hagstjórn sem miðar að því að tryggja efnahagslega velferðar í gegnum atvinnuskapandi aðgerðir
6. Dreifðara eignarhald fyrirtækja til að tryggja langtíma stöðugleika og atvinnu

7. Aukið eftirlit með bönkum og fyrirtækjum til að fyrirbyggja fáræði og aðra krísu.